

**Nd.**

**177. Nefndarálit**

um frv. til laga um húsaleigu í Reykjavík.

Frá mioni hluta allsherjarnefndar.

Það þarf ekki mikinn kunnugleika í Reykjavík til þess að verða var við hin afarmiklu húsnæðisvandræði í bænum. Fjöldi manna býr í allsendis ófullnægjandi íbúðum og verðlag á húsnæði er gífurlega hátt, en hvorttveggja er afleiðing af húsnæðisskortinum.

Það er svo sem auðvitað, að þótt húsaleigulögin standi áfram, þá bæta þau ekki úr húsnæðisleysinu. En lögin, ef notuð eru, eru að tvennu leyti vörn fyrir leigjendur: að ekki sje tekin af þeim hærri leiga en tilsvarar verðlagi húsa, og að ekki verði sagt upp húsnæði, ef staðið er í skilum með greiðslu á leigu.

En þótt nú húsaleigulögin bæti ekki beint úr húsnæðisleysinu, þá getur minni hlutinn ekki fallist á það, að neinar frekari líkur sjeu til þess, að húsa- byggingar örvist, þótt lögin sjeu afnumin.

Mesti fjöldi húsa, bæði stór og smá, hafa verið reist á undanfórnum árum, þótt aukningin hafi ekki verið nægileg. Og margir hafa hug á að koma sjer upp húsi, og virðist þetta ekki benda til þess, að menn byggi ekki eða vilji ekki byggja, þótt húsaleigulögin standi. En það eru alt aðrar ástæður, sem þess eru valdandi, að ekki er meira bygt, m. a. tregða á lánum til bygginga, og þau lán, sem fást, mjög óhentug.

Því er haldið fram, að húsaleigulögin sjeu þung kvöð á húseigendum og taki af þeim rjett um ráðstöfun þessara eigna. En að minsta kosti að einu leyti hafa þau verið húseigendum til mikils gagns; lögin hafa verið mjög mikið aðhald fyrir leigjendur í því efni að greiða húsaleigu skilvíslega. Og er þau höfðu staðið hjer í Reykjavík um nokkurt skeið, þá var fullyrt af kunnugum mönnum, að á þessu hefði orðið mikil breyting húseigendum i hag. Og ef svo er, þá hefir húseigendum orðið ekki svo lítill hagur að lögunum að þessu leyti.

Minni hluti allsherjarnefndar óttast, að vandræði hljóttist af fyrir bæjar- fjelagið, ef húsaleigulögin verða afnumin, og leggur því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 17. mars 1926.

Jón Baldvinsson,  
frsm. minni hluta.

Pjetur Þórðarson.